

LÆRIÐ AÐ SPILA SÁLM á 10 mínútum!

Tekið saman og samheft af Daniel Carter

Kirkjudeild tónlistar og listmenningar

Hafi ykkur einhvern tíma langað að leika á píanó, en aldrei lært það, þá gefst ykkur nú tækfæri. Allt sem þið þurfið er hljómborð. Ef ekkert hljómborð er heima hjá ykkur, getið þið haft þessa grein með ykkur og farið þangað sem píanó eða hljómborð er að finna, til þess að byrja að læra.

Eftir þessa einföldu lexíu ættuð þið að geta spilað sálm. Í raun er það mögulegt að þið getið spilað sálm þessarar lexíu eftir 10 mínútur!

Tilbúin? Byrjum þá!

Setja sig í stöðu til að leika á píanóið

1. Þegar þið hafið sest við píanóið með fingurna á nótnaborðinu, færið bekkinn þá þannig að olnbogarnir séu örlítið bogdir.
2. Sitjið á miðjum bekknum, fyrir framan miðju nótnaborðsins.
3. Sitjið framarlega á bekknum, bein í baki og hallið örlítið fram.
4. Látið fæturna nema við gólfíð.
5. Látið fara vel um ykkur og haldið góðri stöðu.
6. Gætið þess að lýsingin sé nægileg, til að þið sjáið nóturnar og nótnaborðið.

